

Úrbótaáætlun vegna foreldrakönnunar vorið 2020

Almenn ánægja með leikskólann.

Það sem einna helst er nefnt er:

- Læsi
- Verkefnavinna í samræmi við þroska nemenda
- Góð vinna varðandi málþroska
- Hollur og góður heimilismatur
- Gott upplýsingaflæði-ánægja með föstudagspóstana
- Gott starfsfólk
- Viðmót kennara
- Starfsfólkið greinilega góðir vinir og góð heild
- Góður andi
- Stefnan skólans góð
- Vel tekið á mót gagnrýni
- Persónulegt umhverfi
- Fimleikasalurinn
- Móttaka góð
- Fjölbreytt starf
- Upplýsingaflæði gott, föstudagspóstarnir
- Húsnæði gott
- Útileiksvæðið
- SMT
- Heimilislegur skóli
- Mikil útivera
- Margar vettvangsferðir
- Góður undirbúningur fyrir grunnskólann

Dásamleg jákvæð ummæli sem segja okkur að við séum að gera gott starf. Það er greinilegt að foreldrar lesa líka vel í hópinn og sjá að við erum samstíga og þéttur hópur.

Lýstu því sem er slæmt eða mætti betur fara:

- Aðgengi mætti vera betra
 - Komin teikning af nýju svæði. Með sleppisvæði fyrir Giljaskóla og fleiri bílastæðum norðan við íþróttahúsið fyrir kennara
- Bílastæðin, kennarar leggja fyrir framan leikskólann
 - Það eru 4 stæði sem kennarar eru að leggja í. Það eru kennararnir sem mæta fyrst í skólann. Það hefur verið umræða um að biðja þá að leggja annarsstaðar en spurningin sem stendur eftir er sú hvort að það auki ekki

slysaþættu þegar að tveir bílar bakka í einu, sitthvoru megin við bílastæðið. Ættum e.t.v. ekki að hafa áhyggjur af því

- Fjölgun leiktækja á lóðinni
 - Er ekki alveg sammála þar sem oft er vöntun á svæði til að leika með bolta eða að vera í öðrum útileikjum
- Barnið okkar hefur verið fórnarlamb annars barns og réttur þess barns til að vera með er metinn meiri en réttur okkar barns til öryggis
 - Hér er sennilega um sérkennslubarn að ræða og aldrei auðvelt að ræða við foreldra varðandi úrlausnir á þeirra málum, án þess að brjóta trúnað. Vorum beðnar um að færa sérkennslubarið um hólfi, gerðum það ekki þar sem hólfið er vel staðsett uppá reglur og myndrænar leiðbeiningar. Buðum hinu barninu að færa sig en það var ekki þegið.
- Fjölbreittari matur
 - Matseðlarnir eru sameiginlegir hjá öllum skólum Akureyrarbæjar, endurskoðun er í gangi og þar á að reyna að leggja meiri áherslu á grænmetisrétti
- Fleiri grænmetisrétti
 - Sjá fyrra svar um matseðla
- Minna kjöt
 - Sjá fyrra svar um matseðla
- Mætti vera betri matur, meira af grænmetisfæði og flóknari réttum
 - Sjá fyrra svar um matseðla
- Út með slátur og lifur
 - Nei
- Fleiri myndir á Karellen
 - Góður puntur sem kennarar koma til með að taka til sín
- Fleiri skilaboð á Karellen t.d hvað var gert yfir daginn
 - Góður puntur sem ræddur verður við kennara
- Væri gott að fá lista yfir lög sem erverið að syngja
 - Væri hægt að bæta þessu inn í föstudagspóstinn?
- Moka snjó á gangstétt
 - Snjómokstur á gangstétt fyrir framan skólan tilheyrir þeim sem moka planið. Veit ekki betur en vel hafi verið mokað í vetur.
- Mokstur fyrir framan leikskólann inn eftir hliðið og að deildum
 - Já, sammála. Við gleymum þessu og einnig eru ekki allir starfsmenn með það góða líkama að þeir geti mokað. Enginn húsvörður fylgir Kiðagili. Við höfum verið að reyna að leysa þetta eftir bestu getu. Reynum enn frekar að leita lausna. Umræða um þessa hluti fer reglulega á fundi með fræðslustjóra.
- Mætti tala meira um tilfinningar og einelti
 - Í þemavinnu er gert þónokkuð af því að tala um tilfinningar og einelti. Það er einnig gert í samverustundum. Stig af stigi er í notkun á eldri deildum og kemur það nokkuð vel inná tilfinningar. Við notum tilfinningamæla og lesur

oft „kípusögur“ til að geta rætt muninn á réttum og röngum viðbrögðum. Einnig notum við líka félagsfærnisögur varðandi tilfinningar. Hefði verð gott að fá nákvæmari útlistun á þessu

- Mætti vera meiri Jóga og slökun
 - Erum með slökun eftir hádegismat á hverjum degi. Þar er ýmist hlustað á sögu og legið eða hlustað á sögu og setið í borðvinnu. Góður puntur að setja meira skipulagða slökun með jóga-ívafi inn í hina „venjulegu“ slökun
- Meiri aðskilnaður kynja
 - Erum með kynjaskipta útiveru á mánudögum á öllum deildum. Er að gefast vel í hópaskiptingar. Setjum í umræðu innan kennarahópsins hvort ekki væri gott/gaman að fjölga þeim
- Minna af tilbúnu dóti
 - Sammála, það hefur verið þegið mikið af dóti frá heimilum. Erum núna meira og meira að segja nei takk. Erum nokkuð mikið í því að láta tilbúna dótið hverfa
- Mætti vera meira af menntuðu starfsfólki
 - Eitthvað sem við ráðum illa við, auglýsum alltaf fyrst eftir kennurum og síðan ófaglærðum ef ekki tekst að manna stöður með kennurum
- Fleiri uppbrotisdagar, búningadagar
 - Höfum verið að miða við einn uppákomudag í mánuði. Okkur hefur fundist það nóg hingað til. Væri gaman að gera smá könnun hjá foreldrum í kjölfarið á þessum svörum. Það sem einn skrifar er ekki endilega skoðun alls hópsins
- Dagatölin mega koma fyrr inn
 - Sammála, ætla að mæla með því að þau verði komin inn viku fyrir mánaðarmót
- Meiri upplýsingar til foreldra ef eitthvað kemur uppá yfir daginn. Barnið meiði sig
 - Nú eru kennarar hvattir til þess að hringja í foreldra þegar/ef eitthvað kemur uppá í skólanum. Þannig að ekki þurfi að taka þetta samtal í forstofunni. Mín skoðun er sú að það hafi gengið ágætlega. Þetta verður rætt í kennarahópnum
- Frekari eftirlit í útiveru
 - Verður tekið til umræðu
- Fleiri karlkyns starfsmenn
 - Ráðum illa við þetta
- Kastalinn ekki við hæfi börnum yngri en 5. ára
 - Öll tæki á lóð eru með samþykki og yfirfarin á ári hverju. Kastalinn hefur engar athugasemdir fengið. Undirlagið er gúmímottur, eins og segir til um í reglugerðum. Við lokum kastalanum hiklaust ef okkur finnst stafa hætta að honum eins og t.d. í hálfu.
- Mætti upplýsa betur varðandi nýja starfsmenn á öðrum deildum
 - Höfum eingöngu verið að tilkynna á viðkomandi deild. Hvað finnst ráðinu? Okkur hefur fundist nóg að tilkynna það bara á deild vegna þess að ef mikið

verðum um hræringar á starfsfólki þá getur það valdið ugg foreldra að fá „marga“ pósta varðandi það

- Finnst skrítið að búið sé að klæða barnið í áður en vistunartímn er búinn svo að kennararnir komist nokkrum mínátum fyrr heim
 - Ef þú átt vistunartíma til 16:00 þá á barnið að vera komin í þínar hendur kl 16:00, starfstími flestra kennara er einnig til 16:00. Reglan okkar í þessum málum er að bjóða þeim, sem hægt er lengingu á tíma. Ekki er hægt að bjóða þeim sem eru með vistunartíma til 16:15 lengri tíma, þess vegna er gripið til þessa ráðs að börnin séu tilbún til afhendingar þegar vistunartíminn er búinn. Kennarar eru ráðnir eftir þörf inn í skólann, þess vegna er mikilvægt að allir fari eftir sínum vistunartímum og nái í barnið innan uppgefins vistunartíma. Ef það eru mörg börn kl 16:00 og það er einn að skila á deildinni, þá er það í verkahring þess starfsmanns sem er til 16 að hringja í foreldra og minná á. Kennarar eiga jafn mikinn rétt á að vera búnir í vinnunni þegar vinnutíma þeirra á að ljúka, og aðrir.
- Hólfín þröng
 - Sammála, því miður ekki hægt að fækka hólfum til að rýmka um.
- Hliðið orðið „sjoppulegt“
 - Verður sett á viðhaldslista
- Halda vinahópum saman í hópastarfi
 - Skil að foreldrar kjósi það, en þegar starfað er í hóp þá er það ekki endilega besti kosturinn fyrir vinina að vera saman. Bæði getur það truflað nám viðkomandi vina sem og nám annarra.